

26. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 11.03.2008 kl. 20:30.

Mættir voru: Kolbrún Jónsdóttir (fulltrúi foreldrafélagsins), Ingibjörg Baldursdóttir, Sigfús Karlsson og Sædís Gunnarsdóttir.

Vorhátíðin var viðfangsefni fundarins. Ákveðið var að Sigfús Karlsson yrði stjórnandi hátíðarinnar. Fram kom tillaga um að fá blokkflautukór 2. bekkjar til að spila undir stjórn Elínborgar Loftsdóttur. Einnig kom fram að hópur eldri borgara er tilbúin að koma með skemmtiatriði.

Sigfús tók að sér að tala við Sigyn í Point dansstudio varðandi dansatriði en mikið af stelpum úr Lundarskóla er í dansnámi þar.

Bryndís mun halda áfram með tengsl við leikskólana.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21:30.

Ritari Ingibjörg.